



## **SANDGERÐISBÆR**

### **Auglýsing á tillögum að deiliskipulagi**

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar auglýsir hér með tillögur að deiliskipulagi skv. 25. gr. laga nr. 73/1997 m.s.br.

#### **1. Vesturbakki**

Skipulagssvæðið afmarkast af Strandgötu til austurs, Eyrargötu til suðurs, Sjávarbraut og fjöru neðan hennar til vesturs og lóð Hafnarstrætis 1 til norðurs. Deiliskipulagstillagan felur m.a. í sér skilgreiningu nýrra lóða fyrir verslun, þjónustu og hafnsækna starfsemi með möguleika á íbúðum á efri hæð meðfram Sjávarbraut og fjörugarði, útfærslu aðkoma frá hafnarvæðinu að núverandi lóðum um Sjávarbraut og gönguleiðar (hafnarstígs) meðfram hafnarbakka.

#### **2. Norðursvæði**

Skipulagssvæðið afmarkast af Strandgötu til austurs og norðurs að Vítorgi, Norðurgarði og höfninni. Í vestur og suður afmarkast svæðið af Norðurgarði og Suðurgarði og fjörunni sunnan við Hafnargötuna. Deiliskipulagstillagan felur m.a. í sér nýjar lóðir við Hafnargötu og sunnan fiskmarkaðar, skilgreiningu umferðarleiða milli íshúss, hafnar og fiskimarkaðar ásamt aðkomum að nýjum og núverandi lóðum, útfærslu gönguleiðar (hafnarstígs) meðfram hafnarbakka, hafnartorgs sunnan Vítorgs.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum í Vörðunni á Miðnestorgi 3, frá 2. október til 31. október. Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með 13. nóvember. Skila skal skriflegum athugasemdum á bæjarskrifstofur Sandgerðisbæjar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

**Skipulagsfulltrúi**